Síldarvinnslan hf.
Samfélagsskýrsla
2024



Efnisyfirlit

Ávarp forstjóra 3

Um skýrsluna 6

Áfangar ársins 2024 9

Síldarvinnslan og umhverfið 11

Síldarvinnslan og samfélagið 20

Síldarvinnslan og stjórnarhættir 34

Ávarp forstjóra

Árið 2024 var eins og önnur ár í sjávarútvegi, sveiflukennt og með miklar áskoranir. Loðnubrestur, náttúruhamfarir og sveiflur á erlendum mörkuðum voru einkennandi.



Loðnubrestur í upphafi árs hittir fyrirtæki eins og okkar illa, enda er loðnan ein af fjórum burðarásum í uppsjávarhlutanum hjá okkur. Þetta kemur sér illa fyrir starfsfólk og þau samfélög sem starfsemi okkar nær til. Auk þess skapast óvissa um hverjar afleiðingarnar verða þegar til lengri tíma er litið. Markaðir geta glastast þegar ekkert framboð er af loðnuafurðum. Nauðsynlegt er að stórefla rannsóknir á loðnu ásamt öðrum hafrannsóknum.

Náttúruhamfarir á Reykjanesi hafa valdið óvissu í kringum bolfisk-starfsemi okkar í Grindavík og hefur starfsfólk okkar þar orðið fyrir mikilli röskun á sínum högum. Með elju og þrautseigju hófst starfsemi þar á fullu á haustmánuðum og hefur gengið vel. Starfsmenn hafa komið sér fyrir í nágrannabyggðu og stjórnendur Vísis hafa reynt eftir fremsta megni að styðja við bakið á starfsfólkið við þessar aðstæður.

Við lokuðum vinnslu okkar á Seyðisfirði fyrri á hluta árs. Slíkar ákvarðanir eru ekki sársaukalausar en að sama skapi tákn um þá þróun sem er að eiga sér stað. Þar sem færri og öflugri vinnslur sem eru samkeppnisfærari í kostnaði eru að taka yfir.

Uppsjávarveiðar gengu vel á árinu þar sem markaðir voru sterkir. Uppistaða kolmunnaveiðanna er á vorin en meiri þungi hefur verið að færast inná haustið þar sem fiskurinn er betri og nýting meiri. Meira var fyrir makrílnum haft en undanfarin ár en uppistaðan af okkar heimildum náðist að veiða. Síldveiðar gengu vel á haustmánuðum. Almennt má segja að markaðir hafi verið sterkir fyrir uppsjávarafurðir okkar.

Stórum áfanga var náð á haustmánuðum í framkvæmdum við stækkun fiskimjölsverksmiðjunnar í Neskaupstað. Eru afköst hennar í dag samanlagt komin í 1.900 tonn. Framkvæmdirnar hafa staðið yfir í nokkur ár, enda verksmiðjan nánast keyrð á fullum afköstum samhliða.

Í umhverfisuppgjöri okkar kemur skilmerkilega fram sá raforku-skortur sem við Íslendingar stöndum frammi fyrir. Fjárfestingar Síldarvinnslunnar í raforkuvæðingu fiskmiðjsverksmiðjanna hafa ekki nýst sem skyldi vegna skorts á aðgengi að endurnýjanlegri raforku. Olíunotkun verksmiðjanna hefur aukist verulega milli ára og því miður er ekkert sem bendir til þess að 2025 verði frábrugðið.

Það sem er e.t.v. verst og sorglegast við þetta er að orkuskorturinn er heimatilbúinn vandi og afrakstur áratugalangrar vanrækslu á fjárfestingum þjóðarbúsins í orkuöflun og -flutningsgetu.

Vitaskuld má segja að þarna stangist á ólík sjónarmið, þ.e. öflun og flutningur orku og náttúruvernd, en það ætti að vera hverju manni ljóst að fjárfestingar í endurnýjanlegum orkugjöfum hljóta alltaf að vega þyngra en brennsla á olíu, þegar og ef hagsmunir náttúrunnar eru hafðir að leiðarljósi. Hér er um að ræða stórt umhverfis- og efnahagsmál fyrir okkur öll.


Heilsa og öryggi starfsfólks skiptir okkur miklu máli og teljum við nauðsynlegt að hlúa vel að mannauðnum okkar. Á árinu sáum við aukningu í slysatíðni, bæði til sjós og lands og er það áminning um nauðsyn þess að halda áfram að leggja áherslu á fyrirbyggjandi aðgerðir og markvissa vinnu á sviði öryggismála. Síldarvinnslan hefur um langt skeið lagt áherslu á heilsueflingu starfsmanna með samningum um bæði þjónustu og ráðgjöf til starfsmanna. Allt er þetta liður í því að halda utan um, rækta og efla okkar starfsfólk til að takast á við þær áskoranir sem mæta okkur í okkar störfum alla daga.

Árið 2024 var samfélagsspor Síldarvinnslunnar hf. 9.449 milljónir kr. Þó um sé að ræða samdrátt upp á 370 milljónir milli ára eða 3,8% er myndin töluvert frábrugðin þegar samfélagssporið er sett í samhengi við samdrátt í tekjum og afkomu félagsins. Hagnaður ársins var um

6.100 milljónir og dróst hann saman um 4.000 milljónir milli ára eða 40%. Síldarvinnslan hefur ávallt lagt mikið upp úr að vera hornsteinn heima í héraði og reynt að styðja við uppbyggingu í nærsamfélaginu. Síldarvinnslan er bakhjarl íþróttastarfs, björgunarsveita og annarra mikilvægra málefna í okkar samfélögum.

Útgáfa samfélagsskýrslunnar er mikilvægur liður í að rýna starfsemina með öðru en rekstrargleraugum og greina frá því sem vel er gert í starfsemi félagsins á sviði sjálfbærni. Það er þó alltaf tækifæri til að gera enn betur og við höfum það ávallt að leiðarljósi.

20. mars 2025.



Gunnþór B. Ingvason, forstjóri.



Um skýrsluna

Samfélagsskýrsla Síldarvinnslunnar (hér eftir vísað til fyrirtækisins sem Síldarvinnslan, félagið eða SVN) er nú gefin út í sjötta sinn. Líkt og áður er meginumfjöllunarefni skýrslunnar ýmsir ófjárhagslegir þættir í starfsemi félagsins. Skýrslan fjallar um starfsemi Síldarvinnslunnar og íslenskra dótturfélaga árið 2024 og eru allar tölur og mælikvarðar sett fram samkvæmt bestu vitund. Markmiðið með skýrslunni er að stuðla að auknu gagnsæi og bættum vinnubrögðum í rekstrinum. Kaflaskipting og skipulag skýrslunnar tekur mið af leiðbeiningum frá Nasdaq Ísland kauphöllinni um svonefnda ESG þætti. Í fyrsta kafla er fjallað um umhverfisþætti, í öðrum kafla um samfélagsþætti ogí þriðja kafla er fjallað um stjórnskipulag Síldarvinnslunnar.

Við gerð skýrslunnar er einnig horft til þeirra áhersluatriða sem felast í sjálfbærnistefnu SFS en Síldarvinnslan er þátttakandi í þeirri stefnu ásamt fleiri sjávarútvegsfyrirtækjum. Framsetning skýrslu þessa árs er með áþekkum hætti og fyrri ár en þó eru tekin fyrstu skref í aðlögun væntanlegrar lagasetningar vegna breytinga á sjálfbærnikröfum í Evrópu. Sú vinna og aðlögun er þó enn í gangi og skýrslan því ekki í fullu samræmi við væntanlegar lagakröfur. Hinsvegar má nefna að árið 2024 framkvæmdi Síldarvinnslan svokallaða tvöfalda mikilvægisgreiningu til undirbúnings á helstu áhersluatriðum í starfsemi og upplýsingagjöf á sviði sjálfbærni.

Greiningin var framkvæmd með aðstoð Deloitte þar sem áhrif Síldarvinnslunnar út á við og áhrif ytri þátta á Síldarvinnsluna voru greind með innri og ytri hagaðilum. Sumarið og haustið 2024 voru haldnir fjölmargir fundir með innri og ytri hagaðilum þar sem starfsemi Síldarvinnslunnar og virðiskeðja hennar var greind með tilliti til væntanlegra nýrra lagabreytinga. Einnig voru sendir út spurningalistar til tiltekinna ytri hagaðila. Að lokum voru áhersluatriðin sem komu út úr þessum fundum rýnd af stjórnendum og stjórn og niðurstaðan voru sex áhersluatriði sem snerta umhverfið, samfélagið og stjórnarhætti. Þessi atriði eru: orka, veiðiaðferðir, vinnsluaðferðir og/eða nýting sjávarauðlinda, heilsa og öryggi, þjálfun og





færniþróun svo og pólitísk þátttaka, hagsmunagæsla og áhrif á tegundir.

Síldarvinnslan er enn að vinna að aðlögun og undirbúningi fyrir væntanlegar lagabreytingar um upplýsingagjöf á sviði sjálfbærni. Útbúin hefur verið handbók fyrir starfsfólk vegna utanumhalds og áframhaldandi vinnu sem snýr að sjálfbærniupplýsingagjöf. Töluverð vinna hefur því átt sér stað innanhúss við undirbúning og aðlögun. Þó ber að geta þess að allar upplýsingar sem tengjast sjálfbærniviðfangsefnum, sem áhersla er lögð á samkvæmt tvöföldu mikilvægisgreiningunni og ESRS staðlar sem væntanlegar lagakröfur byggja á, eru hins vegar ekki komnar í skýrsluna að þessu sinni. Rétt er að geta þess að fyrirhugaðar eru breytingar á löggjöfinni í Evrópu sem munu hafa áhrif á hvernig innleiðing verður á Íslandi. Vegna þessa er enn óvíst hve umfangsmiklar kröfur verða lagðar á Síldarvinnsluna. Starfsfólk og stjórnendur munu fylgjast grannt með þróun mála. Þess ber að geta að skýrslan og gögn hafa ekki verið rýnd af þriðja aðila. Stjórn Síldarvinnslunnar hefur samþykkt útgáfu samfélagsskýrslunnar 2024 og veitir forstjóri félagsins frekari upplýsingar um gerð hennar.

Tvöföld mikilvægisgreining – niðurstöður

Umhverfisþættir


1. Aðlögun að loftlagsbreytingum
2. Mildun loftslagsbreytinga
3. Orka
4. Mengun lofts
5. Veiðiaðferðir, vinnsluaðferðir og/eða notkun á sjávarauðlindum
6. Áhrif á tegundir

Félagslegir þættir

1. Örugg atvinna
2. Jafnvægi vinnu og einkalífs
3. Heilsa og öryggi
4. Jafnrétti kynja og fjölbreytileiki
5. Þjálfun og færniþróun
6. Efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi samfélaga

Stjórnarhættir

1. Fyrirtækjamenning
2. Pólitísk þátttaka og hagsmunagæsla
3. Umsjón með birgjatengslum



Áfangar ársins 2024

Áframhaldandi framkvæmdir við minningarreit
Á árinu 2024 var haldið áfram framkvæmdum við minningareit á grunni gömlu fiskimjölsverksmiðju félagsins þar sem snjóflóð féllu. Smíðuð var lítil bryggja sem hægt er að ganga út á og njóta útsýnis. Göngustígur var gerður frá reitnum og niður að bryggjunni.



Síldarvinnslan og Austurbrú í samstarf um fræðslumál
Síldarvinnslan hóf á árinu vinnu við gerð fræðsluáætlunar fyrir allt starfsfólk fyrirtækisins í samvinnu við Austurbrú. Til dæmis var unnið mat á fræðsluþörf sjómanna sem og annars starfsfólks. Fyrsti þáttur þess verkefnis nefnist „Fræðslustjóri að láni“ og tóku fræðslusjóðir starfsfólks fullan þátt í því.



Framkvæmdir við mjölverksmiðju í Neskaupstað
Viðamiklum framkvæmdum við fiskimjölsverksmiðjuna í Neskaupstað lauk á árinu 2024 en þær hafa staðið yfir frá árinu 2021. Verksmiðjan er stærsta fiskimjölsverksmiðja landsins. Verksmiðjan er tvískipt, annars vegar stór verksmiðjueining og hins vegar lítil eining sem afkastar 380 tonnum. Litla verksmiðjan nýtist sérstaklega vel til að vinna afskurð.



Áfangar ársins 2024

Aukin manneldisvinnsla á makríll og síld
Mikið var unnið af makríl og síld í uppsjávar-frystihúsinu, markaðir voru sterkir og skiluðu veiðar og vinnsla miklum verðmætum. Ánægjulegt er hve mikið var unnið af íslenskri síld en stofninn hefur náð sér á strik undanfarin ár eftir sýkingu. Vinnslan tók á móti rúmlega 58,4 þúsund tonnum af hráefni, þar af 36,8 þúsund tonnum af síld, 19,9 þúsund tonnum af makríl og 1,7 þúsund tonnum af loðnu úr Barentshafinu.



Síldarvinnslan á Tæknidegi fjölskyldunnar
Síldarvinnslan tók þátt í fjölsóttum Tæknidegi fjölskyldunnar í Verkmenntaskóla Austurlands. Tæknidagurinn hefur fest sig vel í sessi en þar kynnir skólinn aðstöðu sína og námsframboð ásamt því sem fyrirtækjum og stofnunum á Austurlandi gefst tækifæri til að kynna starfsemi sína. Síldarvinnslan bauð gestum og gangandi upp á smakk af kolmunnalýsi en félagið framleiðir kolmunnalýsi til manneldis.



Síldarvinnslan tekur þátt í vinnustaðarvakt SÁÁ
Á árinu gerðist Síldarvinnslan aðili að vinnustaðarvakt SÁÁ en í því felst aðstoð við mótun á viðbragðsáætlun varðandi áfengis- og vímuefnavanda sem kann að koma upp, kynning á þjónustu SÁÁ ásamt því sem fyrirtækið fær fræðsluefni og tengil innan samtakanna.




Síldarvinnslan og umhverfið



Góð umgengni um náttúruauðlindir er sameiginlegt markmið allra. Skilyrði í hafinu og umhverfi hafsins á borð við hitastig hefur áhrif á göngumynstur og stofnstærð þeirra fiskistofna sem Síldarvinnslan nýtir. Rekstur Síldarvinnslunnar byggir á því að fiskveiðar séu stundaðar á sjálfbæran og ábyrgan hátt. Fyrirtækið hefur því lagt áherslu á umhverfisvænar lausnir, áhættugreiningu og markvissa stefnumótun til að lágmarka umhverfisáhrif starfseminnar. Veiði- og vinnsluaðferðir og nýting sjávarauðlinda auk orkumála eru meðal mikilvægustu viðfangsefna sem snerta sjálfbærni í starfsemi Síldarvinnslunnar.

Kolefnisspor Síldarvinnslunnar

Tonn kolefnisígildi





Olíunotkun og rafmagnsvæðing verksmiðja

Þegar starfsemi Síldarvinnslunnar er skoðuð og umhverfisáhrif greind er ljóst að stærsti einstaki umhverfisþáttur starfseminnar er eldsneytisnotkun fiskiskipa. Hinn stóri pósturinn í umhverfisbókhaldi samstæðunnar er rekstur á fiskmjölsverksmiðjum.

Rekstur fiskmjölsverksmiðja er mjög orkufrekur og fjárfesti félagið í búnaði til fullrar rafvæðingar á verksmiðjunni í Neskaupstað árið 2013. Seyðisfjörður var síðar rafvæddur að hluta. Á árunum sem fylgdu voru verksmiðjunnar nær eingöngu keyrðar á rafmagni og var orka sem fór í rekstur verksmiðjurnar í Neskaupstað um 99% frá endurnýjanlegum orkugjöfum. Frá árinu 2022 hefur orðið mikil afturför í þessum efnum af ástæðum sem Síldarvinnslan hefur litla stjórn á en hefur leitt til þess að brennsla á olíu við keyrslu á verksmiðjunum hefur stóraukist.

Ástæðan fyrir aukinni olíunotkun er skortur á aðgengi að endurnýjanlegri orku. Á liðnu ári notuðu fiskmjölsverksmiðjurnar um 9,0 milljónir lítra af olíu á móti 4,5 milljónum lítra árið áður. Fyrir liggur að ef nægt framboð hefði verið á endurnýjanlegri orku hefði verið hægt að nota 7,7 milljónum lítra minna af olíu á síðasta ári. Öllum ætti því að vera ljóst að umræða um frekari orkuskipti á Íslandi er óþörf á meðan aðgengi að nægri endurnýjanlegri orku til að nýta þau orkuskipti sem nú þegar hefur verið fjárfest í er ekki fyrir hendi.

Síldarvinnslan fylgist vel með orkunotkun skipaflotans og er reynt að lágmarka olíunotkun eins og mögulegt er. Það breytir því ekki að göngumynstur einstakra stofna, aflabrögð og ekki síst veðurfar hefur mikil áhrif á hversu langt þarf að sækja á miðin hverju sinni. Sérstaklega hafa þessar ytri aðstæður mikil áhrif á veiðar úr deilistofnum, líkt og uppsjávartegundunum makríl, kolmunna, síld og loðnu. Þó hröð tækniþróun eigi sér nú stað í rafvæðingu í samgöngum er sú þróun komin skemur á veg í vélbúnaði fiskiskipa. Þetta kann að breytast á komandi árum eftir því sem tæknibreytingum vindur fram en í dag eru raunhæfar lausnir í stað olíu ekki fyrir hendi.



FÓLKIÐ OKKAR

Ég verð á sjónum á meðan heilsan leyfir

Sæþór Sigursteinsson er háseti á uppsjávarveiðiskipinu Beiti NK. Hann tók snemma þá ákvörðun að verða sjómaður og fór túra á snurvoðarbáti með föður sínum strax í barnæsku. Sjórinn heillaði og veiðar voru afar spennandi í huga ungs drengs. Sæþór segir svo frá sjómannsferlinum: „Ég byrjaði að róa með pabba þegar ég var 14 ára gamall. Við vorum á línu og færum og mér fannst ég strax kominn á rétta hillu. Þegar ég var 16 ára réði ég mig á frystitogarann Barða. Þar um borð kunni ég afar vel við mig og sá fyrir mér framtíðina á sjónum. Af Barða fór ég yfir á Blæng árið 2017. Blængur er frystiskip og túrarnir voru langir. Það var mikil vinna um borð en áhafnir á skipinu voru tvær þannig að það voru góð frí frá vinnunni. Á Blængi byrjaði ég sem háseti, varð síðar netamaður og lengst af bátsmaður. Árið 2020 kvaddi ég Blæng og fór yfir á Beiti. Það er mikill munur að vera á frystitogara eins og Blængi og á uppsjávarveiðiskipi eins og Beiti en ég kann vel við hvort tveggja. Það er fjölskylduvænna að vera á uppsjávarveiðiskipi. Þar eru tvær áhafnir eins og á Blængi en auk þess er oft hlé á milli vertíða. Á næsta ári verða liðin 20 ár frá því að ég hóf ferilinn á Síldarvinnsluskipum og hef ávallt verið mjög sáttur. Ég sé ekkert annað fyrir mér en vera áfram á sjónum því staðreyndin er sú að ég vil hvergi annars staðar vinna. Ég verð á sjónum á meðan heilsan leyfir.“



Sæþór háseti á uppsjávarveiðiskipinu Belti NK.

Kolefnisspor

Losun hjá Síldarvinnslunni á árinu af völdum kælimiðla var 473 tonn af kolefnisígildum. Félagið notar lítið af HFC kælimiðlum og því er losun frá þessum þætti lítil í samanburði við heildarlosun í starfseminni. Greint kolefnisspor af starfsemi Síldarvinnslunnar var 78.314 tonn af CO2-ígildum árið 2024. Árið 2023 var greint kolefnisspor Síldarvinnslunnar 67.580 tonn af kolefnisígildum svo aukning milli ára nemur um 10.909 CO2-ígildum eða 16% á milli ára. Þegar rýnt er í tölur Síldarvinnslunnar kemur í ljós að aukningin er öll vegna losunar fiskmjölsverksmiðjanna sem losuðu um 12.265 tonn af kolefnisígildum.

Eins og áður greinir er það fyrst og fremst vegna skorts á aðgengi að raforku. Þegar tölur skipanna eru skoðaðar má sjá að heildarsamdráttur hjá þeim er um 1.121 tonn af kolefnisígildum.

Áhersla á sparneytin skip

Við endurnýjun fiskiskipaflotans hjá Síldarvinnslunni á síðustu árum hefur verið lögð áhersla á sparneytin skip og ekki síður að skip félagsins séu keyrð á hagkvæman hátt og olíunotkun lágmörkuð. Með stærri og nýrri skipum sem geta borið meiri afla að landi næst hagkvæmni í eldsneytisnotkun á hvert veitt tonn. Í dag eru ekki til raunhæfar tæknilausnir á markaði sem gerir það mögulegt að fjárfesta í skipum sem nota hreina orkugjafa.

Því verður að horfa frekar til aðgerða sem lágmarka orkunotkun við keyrslu skipa. Börkur NK sem er nýjasta uppsjávarskip Síldarvinnslunnar og kemur mjög vel út í samanburði við önnur uppsjávarskip þegar horft er til orkunotkunar. Á næstu árum verður áfram horft til umhverfisþátta við endurnýjun skipa samstæðunnar.





Fiskveiðar

Til að tryggja sjálfbæra nýtingu fiskistofna þarf að umgangast fiskveiðiauðlindina af ábyrgð og virðingu. Áhersla hefur verið lögð á að stýra veiðum með það að markmiði að hámarka verðmæti afla frekar en að hámarka veitt magn. Samstæðan gerði út tólf fiskiskip árið 2024: uppsjávarskipin Börk NK, Beiti NK og Barða NK, frystitogarann Blæng NK, ísfisktogarana Gullver NS, Berg VE, Vestmannaey VE og Jóhönnu Gísladóttur GK. Þá gerir samstæðan út línuskipin Pál Jónsson GK og Sighvat GK og dagróðrarbátana Fjölni GK og Daðey GK. Daðey GK var tekin úr rekstri um mitt ár 2024.

Veiði skipa Síldarvinnslunnar dróst saman um 61.698 tonn milli ára og munar þar lang mestu um loðnuna og samdrátt í síldveiðum. Heildareldsneytisnotkun fiskiskipaflotans var 19,2 milljón lítrar af olíu samanborið við 19,6 milljón lítra árið áður. Samdráttur í veiði er því talsvert meiri en samdráttur í olíunotkun. Skip félagsins losuðu 52.614 tonn af CO2-ígildum árið 2024. Mest var losun hjá uppsjávarskipum en hún nam 26.263 tonnum af kolefnisígildum sem er þó samdráttur um 1.694. Á móti kemur að veiði uppsjávarskipanna dróst saman um 60.375 tonn. Losun á veitt tonn er því talsvert hærri en árið áður eða 0,19 CO2 ígildi á veitt tonn en var 0,14 árið áður. Aflasamsetningin á síðasta ári er talsvert frábrugðin því sem var árið 2023. Engin loðna var veidd árið 2024 en þær veiðar eru oft hagkvæmari þar sem hringnót er notuð og sigling á miðin oft stutt. Kolmunni vegur talsvert meira í heildaraflanum en það er oft langt á kolmunnamiðin og togtími einnig lengri.

Losun ísfisktogara jókst um 1.339 tonn af kolefnisígildum milli ára en veiði jókst um 818 tonn. Þegar losun skipanna er skoðuð sem hlutfall af veiddu tonni þá hækkar hún lítillega og fer úr 0,63 í 0,68 CO2-ígildi á veitt tonn. Losun á frystitogaranum Blængi jókst milli ára og skýrist það af auknu úthaldi og veiði. Losun á veitt tonn lækkaði úr 1,21 CO2-ígildi í 1,20 CO2-ígildi. Línuskip félagsins losuðu 4.137 tonn af kolefnis-ígildum eða 0,38 CO2-ígildi á hvert veitt tonn en það var 0,41 CO2-ígildi árið áður. Heildarafli allra skipa Síldarvinnslunnar var um 172 þúsund tonn á árinu, þar af var afli uppsjávarskipa 135 þúsund tonn.

Starfsstöðvar í landi

Mikilvægasta aðgerðin sem Síldarvinnslan hefur ráðist í til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í landvinnslu á síðustu árum er rafvæðing í fiskmjölsverksmiðjum. Í dag er mögulegt að keyra verksmiðjuna í Neskaupstað alfarið á rafmagni og olía er hugsuð eingöngu sem varaafl ef á þarf að halda. Eins og áður segir hefur skortur á aðgengi að endurnýjanlegum orkugjöfum hins vegar sett strik í reikninginn. Á Seyðisfirði á eftir að rafvæða verksmiðjuna að fullu og notar hún því enn olíu að hluta til við keyrslu. Á árinu 2024 voru fiskmjölsverksmiðjurnar keyrðar með 13,3% endurnýjanlegum orkugjöfum samanborið við 63,2% árið 2023. Hlutfall endurnýjanlegrar orku við framleiðslu í Neskaupstað var 14,5% en 10% á Seyðisfirði. Þetta eru sorglega lág hlutföll í ljósi þess að Neskaupstaður á að geta keyrt á 100% rafmagni og Seyðisfjörður á 62%. Raforkunotkun allra starfsstöðva félagsins var 34.265 megavattstundir á árinu 2024 og dróst saman um 66.992 megavattsstundir vegna skorts á aðgengi að raforku. Hráefnismóttaka í verksmiðjunum var 178 þúsund tonn, orkukræfni framleiðslunnar var 111.170 megavattstundir og var notað 0,63 MWh á hvert hráefnistonn.


Í uppsjávarvinnslunni í Neskaupstað var tekið á móti 58.356 tonnum af hráefni og notaðar 7.525 megavattstundir af raforku á árinu. Í fiskvinnslunum í Grindavík var tekið á móti 11.510 tonnum af hráefni á árinu og notaðar 2.337 megavattstundir af raforku við framleiðsluna. Í frystigeymslunni í Neskaupstað voru notaðar 5.017 megavattstundir af raforku á árinu. Í Fóðurverksmiðjunni Laxá voru notaðar 2.590 megavattstundir af raforku. Eldsneytisnotkun bifreiða og annarra tækja á árinu nam 78.336 lítrum.



Sífellt hærra hlutfall af sorpi og úrgangi er flokkað

Skip félagsins koma með allan úrgang flokkaðan til hafnar og er hann meðhöndlaður samkvæmt Marpolreglugerð og heldur hvert skip úti sorpdagbók sem skilað er til hafnaryfirvalda þegar í land er komið. Samkvæmt Marpol reglugerðinni má ekki henda lífrænum úrgangi í hafið nema hann sé kvarnaður. Heildarmagn úrgangs árið 2024 var 864.971 kg og þar af voru 635.877 kg flokkuð eða 73,5%. Flokkunarhlutfall hefur aukist hjá félaginu undanfarin ár og skráning verið bætt. Það er lítillegur samdráttur í móttöku á sorpi milli ára en það er eðlilegt þar sem umsvif í starfseminni voru minni auk þess sem lokið var við framkvæmdir í fiskmjölsverksmiðjunni í Neskaupstað á árinu. Hlutfall flokkaðs úrgangs/sorps af starfsemi Síldarvinnslunnar hefur hækkað úr 58,5% árið 2022 uppí 73,5% árið 2024 og er það ánægjulegur árangur. Markmið Síldarvinnslunnar er að ná sem bestum árangri á þessu sviði í framtíðinni.

Hlutfall flokkaðs úrgangs og sorps



Umhverfisbókhald samstæðunnar

Kolefnisuppgjör	Eining	2024	2023	2022
Umfang 1	$tCO_2í$	77.652	66.213	72.455
Umfang 2	$tCO_2í$	260	796	686
Umfang 3	$tCO_2í$	401	572	636
Kolefnisspor, heild	$tCO_2í$	78.314	67.580	73.777
Aukning/samdráttur í losun milli ára		**-16%**	**-8%**	**35%**
Orkunokun vegna notkunar jarðefnaeldsneytis	kWh	302.562.758	257.889.265	284.011.694
Raforkunotkun	kWh	34.264.511	104.716.023	87.282.951
Orka frá heitu vatni til húshitunar	kWh	2.238.664	3.000.420	2.427.316
Heildarorkunotkun	**kWh**	**339.065.933**	**365.605.708**	**373.721.961**
Eldsneytisnotkun bifreiða og tækja	lítr.	78.336	101.149	221.305
Eldsneytisnotkun fiskmjölsverksmiðja	lítr.	9.009.665	4.500.422	7.394.720
Hlutfall endurnýjanlegrar orku	%	10,8%	29%	24%
Hlutfall endurnýjanlegrar raforku	%			
Hlutfall jarðefnaeldsneytis	%	89,2%	70,54%	76,00%
Heildarnotkun á neysluvatni	m^3	936.411	1.061.431	1.119.497
Myndun úrgangs og úrvinnsla				
Flokkaður úrgangur	kg	635.877	691.269	418.536
Óflokkaður úrgangur	kg	229.094	326.692	297.350
Heildarmagn úrgangs	**kg**	**864.971**	**1.017.961**	**715.886**

Veiði	Eining	2024	2023	2022
Veiði ísfisktogara	tonn	18.524	17.706	17.516
Veiði uppsjávarskipa	tonn	134.825	195.200	194.605
Veiði frystitogara	tonn	8.058	7.366	6.634
Veiði línuskipa	tonn	10.961	13.794	13.424
Heildarveiði	**tonn**	**172.368**	**234.066**	**232.179**
Eldsneytisnotkun skipaflota				
Eldsneytisnotkun ísfisktogara	lítr.	4.614.600	4.122.192	3.983.949
Orkukræfni (kWh)	kWh	49.376.220	42.628.254	42.628.254
Olíunotkun/veitt tonn (VT)	lítr./VT	249	233	227
Losun GHL ísfisktogara	$tCO_2í$	12.552	11.212	10.836
Losun GHL/veitt tonn (VT)	$tCO_2í/VT$	0,68	0,63	0,62
Eldsneytisnotkun uppsjávarskipa	lítr.	9.655.470	10.278.395	10.182.328
Orkukræfni (kWh)	kWh	103.313.529	108.950.910	108.950.910
Olíunotkun/veitt tonn (VT)	lítr./VT	72	53	52
Losun GHL uppsjávarskipa	$tCO_2í$	26.263	27.957	27.696
Losun GHL/veitt tonn (VT)	$tCO_2í/VT$	0,19	0,14	0,14
Eldsneytisnotkun frystitogara	lítr.	3.552.332	3.288.036	3.014.052
Orkukræfni (kWh)	kWh	38.009.952	32.250.356	32.250.356
Olíunotkun/veitt tonn (VT)	lítr./VT	441	454	454
Losun GHL frystitogara	$tCO_2í$	9.662	8.943	8.198
Losun GHL /veitt tonn (VT)	$tCO_2í/VT$	1,20	1,21	1,24
Eldsneytisnotkun línuskipa	lítr.	1.366.490	1.912.432	1.842.603
Orkukræfni (kWh)	kWh	14.621.443	20.463.025	19.715.852
Olíunotkun/veitt tonn (VT)	lítr./VT	125	139	137
Losun GHL línuskipa	$tCO_2í$	4.137	5.202	5.012
Losun GHL /veitt tonn (VT)	$tCO_2í/VT$	0,38	0,41	0,37
Heildareldsneytisnotkun skipaflotans	**lítr.**	**19.188.892**	**19.601.055**	**19.022.932**

Síldarvinnslan og samfélagið





Starfsemin

Síldarvinnslan er stórt alhliða sjávarútvegsfyrirtæki með umfangsmikla og fjölbreytta starfsemi á Íslandi. Fyrirtækið er útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki í fremstu röð. Meginstarfsemin er í Neskaupstað, á Seyðisfirði, í Vestmannaeyjum og í Grindavík. Einnig er eitt dótturfélag starfandi á Akureyri og hlutdeildarfélag á Vestfjörðum.

*Arctic fish hlutdeildarfélag

Veiðar og vinnsla

Uppsjávarfiskur

Samstæðan gerir út þrjú uppsjávarskip, Börk NK, Beiti NK og Barða NK. Skipin veiddu 134.825 tonn á árinu 2024. Uppsjávarfisknum er nær undantekningarlaust ráðstafað til eigin vinnslu. Í Neskaupstað starfrækir Síldarvinnslan öflugt uppsjávarfrystihús og stórar frystigeymslur. Þar eru loðna, síld og makríll unnin til manneldis og er fiskurinn ýmist heilfrystur, flakaður eða hausskorinn. Tæknistig er hátt og afkastageta frystihússins í heilfrystingu er um 720 tonn á sólarhring.

Á árinu 2024 tók fiskiðjuverið á móti 58.356 tonnum af hráefni. Móttekin loðna var 1.698 tonn, makríll 19.886 tonn og síld 36.772 tonn. Félagið starfrækir tvær fiskmjölsverksmiðjur, í Neskaupstað og á Seyðisfirði. Verksmiðjan í Neskaupstað er raforkuvædd að fullu. Verksmiðjan tekur á móti hráefni beint til vinnslu ásamt því að taka á móti afskurði frá fiskiðjuveri félagsins og frystiskipum.

Á árinu 2024 tók verksmiðjan í Neskaupstað á móti 125.732 tonnum, þar af mest af kolmunna eða 93.669 tonnum. Verksmiðjan á Seyðisfirði er raforkuvædd að hluta en þar hefur næstum eingöngu verið unninn kolmunni undanfarin ár. Á árinu 2024 var tekið á móti 51.941 tonni í verksmiðjunni. Þrátt fyrir fjárfestingu í raforkuvæðingu verksmiðjanna hefur reynst erfitt að fá afhenta raforku til þeirra.





Bolfiskur

Samstæðan gerir út fjóra ísfisktogara, Gullver NS, Berg VE, Vestmannaey VE og Jóhönnu Gísladóttir GK sem veiddu 18.524 tonn af bolfiski á árinu 2024. Frystitogari samstæðunnar, Blængur NK veiddi 8.058 tonn á árinu en um borð í honum eru framleiddar sjófrystar afurðir. Tvö línuskip, Páll Jónsson GK og Sighvatur GK, eru hluti af samstæðunni ásamt dagróðrabátnum Fjölni GK. Á árinu var dagróðrabátnum Daðey GK lagt. Línuskipin veiddu 9.389 tonn á árinu 2024 og Fjölnir og Daðey 1.572 tonn.

Bolfiskafurðir Síldarvinnslunnar skiptast í sjófrystar afurðir, sem framleiddar eru um borð í Blængi, en á árinu framleiddi hann 4.778 tonn af afurðum. Í landi eru framleiddar frystar og ferskar afurðir sem eru unnar í frystihúsinu í Grindavík. Vinnsla á árinu 2024 var krefjandi sökum eldsumbrota. Framleitt var úr 4.136 tonnum af hráefni, mest af þorski eða 2.448 tonn og 1.606 tonnum af ýsu. Einnig er unninn saltfiskur í vinnslu Vísis í Grindavík. Vegna eldsumbrota í nágrenni við Grindavík var brugðið á það ráð að koma upp tímabundinni saltfiskvinnslu í húsnæði Síldarvinnslunnar í Helguvík. Eins var tímabundið unninn saltfiskur í Þýskalandi til að uppfylla sölusamninga. Í Helguvík var unnið úr 2.203 tonnum, lang mest af því þorskur. Í salthúsinu í Grindavík var unnið úr 5.171 tonni, þar af var 3.810 tonn þorskur. Eftir sumarfrí varð vinnsla í Grindavík með hefðbundnari hætti. Í mars 2024 var bolfiskvinnslu samstæðunnar á Seyðisfirði lokað.

Mannauður


Síldarvinnslan hefur sett sér metnaðarfulla stefnu í starfsmannamálum sem miðar að því að skapa vinnuumhverfi sem einkennist af hvatningu, öryggi og góðum samskiptum sem og jöfnum tækifærum.


Félagið vill bjóða starfsfólki upp á:

- **vinnuumhverfi þar sem stjórnendur og starfsfólk vinna að því í sameiningu að auka sífellt öryggi, velferð og árangur**
- **trygga vinnu og góða afkomu**
- **vinnuumhverfi þar sem fólk er hvatt til að gera sitt besta og efla stöðugt þekkingu sína og færni**
- **að skapa sveigjanleika og jafnvægi á milli vinnu og einkalífs eins og frekast er unnt**
- **að stuðla að samskiptum sem einkennast af samráði og virðingu**
- **að viðhafa jafnrétti til launa og starfsþróunartækifæra**

Á árinu 2024 var fjöldi starfsfólks 585 hjá samstæðunni, þar af 471 karlar og 114 konur. Sjávarútvegurinn hefur oft verið talinn karllægur iðnaður og ef litið er á kynjahlutföll blasir við að mikill meirihluti starfsfólks eru karlmenn. Síldarvinnslan gerir ávallt sitt besta til að höfða til umsækjenda, óháð kyni, þegar störf losna. Erlent starfsfólk samstæðunnar eru 36,2% og er meirihluti þeirra frá Póllandi.


Starfsmannafjöldi samstæðu alls





Starfsmannafjöldi samstæðu að frádregnum sjómönnum

Stjórnendur og sérfræðingar



Jafnréttismál og jafnlaunavottun

Félagið hefur sett sér áætlun fyrir samstæðuna í jafnréttismálum fyrir árin 2024-2026 og leggur áherslu á að fylgja henni eftir. Samstæðan hefur staðist úttekt vottunarfyrirtækja á jafnlaunakerfum sínum. Niðurstaðan er sú að enginn óútskýrður launamunur er á milli kynjanna.

Persónuvernd

Félagið hefur sett sér persónuverndarstefnu fyrir samstæðuna og verklagsreglur um meðferð og vinnslu persónuupplýsinga til að tryggja að friðhelgi einkalífs fólks sé virt og að meðferð upplýsinga sé í samræmi við lög um persónuvernd. Félagið safnar engum óþarfa upplýsingum um starfsfólk, viðskiptavini eða birgja og gerir ráðstafanir til að tryggja að þær séu meðhöndlaðar á öruggan hátt. Engin brot eða kvartanir komu fram á síðasta ári sem varða meðhöndlun eða söfnun persónuupplýsinga.

Mannréttindi og kjarasamningar

Síldarvinnslan tryggir að launagreiðslur og réttindamál starfsfólks séu ávallt í samræmi við gildandi kjarasamninga, lög og reglugerðir. Nær allt starfsfólk er skráð í stéttarfélög. Skip samstæðunnar eru vottuð samkvæmt staðlinum *FISH Standard for Crew* en staðallinn tryggir réttindi áhafnarmeðlima, að starfskjör þeirra séu eðlileg og samkvæmt viðeigandi kjarasamningum. Samstæða Síldarvinnslunnar notar aðeins þjónustu undirverktaka sem vinna eftir sambærilegum stöðlum er varða réttindi launafólks.

Einelti, kynferðisleg eða kynbundin áreitni eða ofbeldi eru undir engum kringumstæðum liðin eða umborin á vinnustöðum félagsins, hvorki í samskiptum starfsfólks né í samskiptum við starfsfólk verktaka, samstarfsaðila eða viðskiptavini.

Á síðasta ári barst ein tilkynning um einelti hjá félaginu. Síldarvinnslan hefur sett sér stefnu og hjá félaginu eru í gildi verklagsreglur til að bregðast við einelti, kynferðislegri eða kynbundinni áreitni eða ofbeldi. Brugðist var við tilkynningunni í samræmi við það verklag sem er í gildi hjá samstæðunni.

Félagið hefur einnig mótað reglur um verklag við uppljóstrun starfsmanna í samræmi við lög um vernd uppljóstrara. Engar tilkynningar bárust frá uppljóstrurum á árinu 2024.



Fræðsla og uppbygging mannauðs

Þekking og hæfni starfsfólks skiptir miklu máli og leggur félagið því áherslu á fræðslustarf. Í lok ársins 2023 var undirritaður samningur á milli Síldarvinnslunnar og Austurbrúar um fræðslu fyrir starfsfólks fyrirtækisins. Markmið samningsins er að starfsfólk fái fræðslu á sínu starfssviði og auki þannig færni sína. Þetta skilar sér í aukinni starfsánægju.

Árið 2024 hófst vinna við þarfagreiningu deilda innan fyrirtækisins og gerð fræðsluáætlunar. Í fyrstu var fræðsluþörf sjómanna metin og í framhaldinu var fræðsluáætlun þeirra birt sl. haust. Hún mun vera í gildi fram á vor 2026. Á haustönn 2024 voru haldin þrjú námskeið fyrir sjómenn. Þau voru: meðhöndlun hættulegra efna, starfsdagur um góðan vinnustað og kælitækni.

Sömuleiðis var farið í greiningu á fræðsluþörf starfsfólks sem starfar í landi. Fræðsluáætlun þeirra mun taka gildi vorið 2025 og verður í gildi næstu tvö árin. Annað fræðslustarf er af ýmsu tagi, svo sem nýliðafræðsla, öryggisnámskeið, námskeið tengd heilsu, sérhæfð námskeið fyrir tæknifólk og iðnaðarmenn og reglubundin sí- og endurmenntun á sviði öryggismála sjómanna. Innleiðing á fræðslukerfinu Learncove hófst á árinu 2023 en þar getur starfsfólk kynnt sér fjölbreytt fræðsluefni frá Akademias.

Samgöngusamningur

Á árinu bauðst starfsfólki Síldarvinnslunnar að gera samgöngusamning við félagið og var þetta fimmta árið í röð sem slíkur samningur er gerður. Samningurinn felur í sér að starfsfólk fer gangandi eða hjólandi í vinnuna að minnsta kosti fjóra daga í viku og fær styrk á móti frá fyrirtækinu. Tilgangurinn er einkum tvíþættur. Annars vegar að stuðla að heilsurækt en hins vegar að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum.





Heilsuefling

Félagið vill leggja sitt af mörkum og stuðla að góðri heilsu starfsfólks. Félagið er með samninga við Sjómannaheilsu og Heilsuvernd sem bjóða upp á sérhæfða heilbrigðisþjónustu og ráðgjöf fyrir starfsfólk. Hjúkrunarfræðingur og læknir koma reglulega í heimsókn á starfsstöðvar og þá gefst starfsfólki færi á að panta viðtöl, láta fylgjast með blóðþrýstingi, fá ráðgjöf og læknisþjónustu. Félagið hefur hvatt til og greitt fyrir ristilspeglanir starfsfólks eftir 50 ára aldur. Ljóst er að heilsufarsskoðanir og ristilspeglanir hafa þegar bjargað mannslífum og fyrirbyggt alvarleg heilsufarsvandamál og því er slík þjónusta í raun ómetanleg.

Þá greiðir félagið árlega styrki til starfsfólks sem stundar reglulega hreyfingu. Styrkina má t.d. nýta til kaupa á líkamsræktar- eða sundkortum. Loks hefur lýðheilsufræðingur haldið námskeið um heilsueflingu og í boði hafa verið lengri námskeið sem miða að lífsstílsbreytingum.

Öryggismál

Síldarvinnslan leggur mikla áherslu á öryggismál í starfsemi sinni, enda var það eitt af lykilviðfangsefnunum sem greind voru í tvöföldu mikilvægisgreiningunni sem framkvæmd var á árinu. Á meðal fimm mikilvægustu áhersluatriða Síldarvinnslunnar eru annars vegar heilsa og öryggi og hins vegar þjálfun og færniþróun.

Í ársbyrjun 2024 réði Síldarvinnslan til starfa öryggisstjóra til að efla enn frekar öryggismál og ekki síður öryggismenninguna. Til viðbótar starfar öryggisnefnd á hverjum vinnustað þar sem öryggisfulltrúi leiðir vinnu nefndarinnar. Yfirmenn hverrar deildar bera ábyrgð á því að öryggisreglum sé fylgt, öryggisatvik séu rannsökuð og gripið sé til viðeigandi ráðstafana til að fyrirbyggja hættur. Lykilþættir í því að auka öryggi er fræðsla, eftirfylgni stjórnenda og þátttaka starfsfólks í öryggisumbótum. Megináherslur öryggismála eru eftirfarandi:

Áhættustýring
Gerðar eru áhættugreiningar og forvarnaáætlanir til að lágmarka hættur. Öryggisráðstafanir eru hannaðar til að draga úr áhættu og vernda starfsfólk sem starfar á starfsstöðvum Síldarvinnslunnar.

Þjálfun og fræðsla
Lögð er áhersla á að öryggismenning sé hluti af daglegum störfum. Allt starfsfólk, verktakar og samstarfsaðilar deila ábyrgðinni á því að viðhalda öruggum vinnustað.

Heilsa og vellíðan
Lögð er rík áhersla á heilsu og vellíðan starfsfólks. Við líðum ekki einelti, áreitni, andlegt eða líkamlegt ofbeldi. Síldarvinnslan vill stuðla að jafnvægi milli vinnu og einkalífs, bjóða upp á heilsueflandi aðgerðir og styðja við andlega og líkamlega heilsu starfsfólks.

Eftirlit og stöðugar úrbætur
Fylgst er reglulega með framkvæmd verkefna og tryggt að viðeigandi forvarnir séu til staðar. Leitað er leiða til að bæta vinnuferli og auka öryggi í verkefnum. Þetta vinnuferli stuðlar að því að hægt sé að læra af fyrri reynslu, vinna eftir ábendingum og tryggja áfram öryggi starfseminnar til framtíðar.

Síldarvinnslan telur þessar áherslur þegar hafa skilað árangri í bættri öryggisvitund, þó enn megi gera betur.

Alls voru 40 fjarveruslys til sjós og lands hjá Síldarvinnslunni árið 2024 en það er aukning frá fyrra ári. Rúmlega helmingur slysanna varð hjá dótturfélaginu Vísi ehf. Áherslan í öryggismálum er á fyrirbyggjandi aðgerðir, greiningu allra óhappa og slysa, svo og áframhaldandi innleiðing á öryggiskerfi Öldunnar á skipum samstæðunnar. Síldarvinnslan hefur einnig lagt áherslu á öryggismál við verktaka sem unnið er með. Sérstakar kröfur eru settar fram í öllum nýjum samningum við verktaka um öryggismál og ábyrgð.



FÓLKIÐ OKKAR

Skemmtilegt að starfa við fiskvinnslu

Katrín Unnur Elmarsdóttir er Norðfirðingur í húð og hár. Hún hóf störf í fiskvinnslu hjá Síldarvinnslunni um tvítugt og hafði áður starfað á sumrin í frystihúsi félagsins. Katrín var tekin tali og var í upphafi beðin um að rifja upp fyrstu kynni sín af fiskvinnslustörfum. „Það var lærdómsríkt að vinna í gamla frystihúsinu á sínum tíma en þar vann ég á sumrin. Það var afskaplega margt eldra fólk sem starfaði þar og það var lærdómsríkt að kynnast því. Þarna var unninn bolfiskur yfir sumartímann og vinnslan gekk vel þó húsið hafi verið gamaldags. Það hefur afskaplega margt breyst frá þessum tíma. Nýtt fiskiðjuver var tekið í notkun árið 1997 en bolfiskvinnslan var flutt þangað árið 2000. Það var eins og að koma í aðra veröld þegar flutt var úr gamla frystihúsinu í fiskiðjuverið.

Árið 2005 var síðan hætt að leggja áherslu á bolfiskvinnslu í fiskiðjuverinu en öll áhersla lögð á vinnslu á uppsjávartegundum. Ég starfaði við bolfiskvinnsluna í fiskiðjuverinu og einnig við uppsjávarvinnsluna frá upphafi. Þá vann ég einnig við laxaslátrun á árunum 2002 – 2007 en laxinn var alinn í Mjóafirði. Vinnsla á uppsjávarfiski í fiskiðjuverinu er vertíðarbundin. Miðað við eðlilegt ár þá er loðna unnin frá því í janúar og fram í mars. Makrílvertíð hefur hafist í júní eða júlí og staðið fram í september og þá tekur síldin við. Fyrst er það norsk- íslensk síld og síðan íslensk sumargotssíld í kjölfarið. Á milli vertíða er ýmsum þörfum verkefnum sinnt í fiskiðjuverinu. Mér finnst skemmtilegt að starfa við fiskvinnslu af öllu tagi en mér finnst skemmtilegra að vinna við vinnslu uppsjávartegunda en bolfiskvinnslu. Við vinnslu á uppsjávartegundum felast störfin mest í eftirliti með vélum og búnaði og svo þarf að grípa inn í ef eitthvað fer úrskeiðis.

„Þegar ég var að byrja að vinna í fiski voru nánast allir starfsmennirnir íslenskir en nú er öldin önnur. Mikill meirihluti starfsmanna í fiskiðjuverinu er af erlendu bergi brotinn. Þetta erlenda starfsfólk er virkilega flott. Það er bæði duglegt og samviskusamt. Sumt af þessu fólki hefur fest rætur hér í Neskaupstað og sumt kemur ár eftir ár til starfa á vertíðunum. Mér hefur líkað afar vel að starfa við fiskvinnslu. Ef mér líkaði ekki vel þá væri ég ekki í þessu starfi. Mér finnst skrítið að fleiri Íslendingar skuli ekki sækjast eftir að starfa í fiskinum en það má vera að vinnutíminn á vertíðunum sé ekki mjög fjölskylduvænn en þá er unnið á tólf tíma vöktum. Ég hef unnið í fiski sem fastur starfsmaður í yfir 20 ár og er afar sátt við það“, sagði Katrín Unnur.



Katrín Unnur við störf í fiskiðjuverinu í Neskaupstað.

Samfélagsspor samstæðunnar

Verðmætasköpun félagsins hefur víðtæk samfélags- og efnahagsleg áhrif. Samfélagssporið gefur heildstæða mynd af öllum opinberum gjöldum og sköttum sem greiddir eru til hins opinbera vegna starfsemi félagsins. Síldarvinnslan greiddi 6,5 milljarða kr. í skatta og gjöld. Félagið innheimti 2,9 milljarða kr. á árinu af starfsfólki fyrir ríkissjóð. Samtals var því samfélagsspor starfseminnar 9,4 milljarðar kr.

Samfélagsspor 2022–2024

Í milljónum króna

Heiti	Flokkur	2024	2023	2022
Tekjuskattur	Greiddir skattar og gjöld	2.479	1.863	1.728
Kolefnisgjald	Greiddir skattar og gjöld	309	315	306
Veiðigjald	Greiddir skattar og gjöld	1.277	1.411	959
Gjöld til hafnarsjóða	Greiddir skattar og gjöld	374	446	413
Tryggingagjald	Greiddir skattar og gjöld	725	823	743
Mótframlag í lífeyrissjóð	Greiddir skattar og gjöld	1.199	1.240	1.128
Önnur gjöld	Greiddir skattar og gjöld	144	205	341
Samtals	Greiddir skattar og gjöld	6.507	6.303	5.618
Staðgreiðsla	Innheimtir skattar	2.942	3.516	3.201
Samtals	Heild	9.449	9.819	8.819

Samfélagsverkefni

Síldarvinnslan styrkti margvísleg samfélagsverkefni myndarlega á árinu 2024, líkt og fyrri ár. Mikil áhersla er lögð á að taka þátt í uppbyggingu samfélagsins með veitingu styrkja til góðra málefna og ýmissa samtaka. Þetta hefur verið gert með beinum styrkjum, gjöfum eða kaupum á auglýsingum. Í þessu sambandi má helst nefna styrki til björgunarsveita á starfssvæðum félagsins og Fjórðungssjúkrahússins í Neskaupstað en sjúkrahúsið hefur verið styrkt til tækjakaupa og hefur það aukið þjónustu og öryggi íbúa í Neskaupstað og á nærliggjandi svæðum.

Síldarvinnslan hefur einnig styrkt starfsemi Verkmenntaskóla Austurlands með kaupum á tækjum sem nýtast í kennslu. Í gegnum tíðina hefur tengingin við nærumhverfið verið mikill styrkur fyrir Síldarvinnsluna. Æskulýðsstarf er styrkt árlega og einnig stakir viðburðir. Íþróttafélög á öllum starfssvæðum félagsins eru styrkt á hverju ári og fer oftar en ekki mesta fjárframlagið til þess málaflokks. Veittir styrkir á árinu námu 90,1 milljónum kr., þar af fóru 51,6 milljónir til íþróttatengdrar starfsemi.

Samfélagsstyrkir Síldarvinnslunnar 2024

Styrkir eftir einstökum flokkum	m.kr.
Íþróttir	51,6
Menningarmál	12,2
Björgunarsveit	8,4
Heilbrigðistengd málefni	6,4
Menntun	4,0
Stjórnmál	3,6
Félagssamtök	1,7
Nýsköpun	1,2
Annað	1,0
Samtals	**90,0**

Síldarvinnslan og samfélagið 2001–2024

2001
- Umhverfisverðlaun Fjarðabyggðar

2002
- Umhverfisverðlaun Landssambands íslenskra útvegsmanna
- Hvatningarverðlaun þróunarfélags Austurlands

2011
- Forvarnaverðlaun Tryggingamiðstöðvarinnar

2012
- Síldarvinnslan tekur þátt í kaupum á nýju sneiðmynda-tæki fyrir Fjórðungssjúkra-húsið í Neskaupstað

2013
- Rafvæðing fiskmjölsverksmiðjunnar í Neskaupstað
- Sjávarútvegsskóli Síldarvinnslunnar stofnaður
- Verkmenntaskóli Austurlands styrktur til að koma upp hermi til vélstjórnarkennslu

2014
- Verkmenntaskóli Austurlands styrktur til að koma upp Fab Lab

2015
- Síldarvinnslan fær MCS vottun fyrir síldveiðar
- Síldarvinnslan fær Mennta-sprota atvinnulífsins árið 2015 fyrir að hafa staðið sig vel á sviði fræðslu- og menntamála

2016
- Síldarvinnslan fær Umhverfis-verðlaun Fjarðabyggðar
- Síldarvinnslan styrkir endur-bætur á Norðfjarðarflugvelli og malbikun hans í samstarfi við SÚN, ríkið og Fjarðabyggð

2017
- LungA skólinn á Seyðisfirði fær gamla netagerðarhús Síldarvinnslunnar að gjöf undir starfsemi skólans

2018
- Síldarvinnslan fær jafnlaunavottun fyrst sjávarútvegsfyrirtækja

2020
- Síldarvinnslan gefur út sam-félagsskýrslu í fyrsta sinn

2021
- Landtenging skipa við fiskiðjuver Síldarvinnslunnar í Neskaupstað tekin í notkun

2022
- Síldarvinnslan tekur þátt í að reisa íbúðir í Neskaupstað
- Styrkur er veittur til hjálparstarfs í Úkraínu

2023
- Síldarvinnslan afhendir 8 m.k. í snjóflóðasöfnun í Neskaupstað

2024
- Minningarreitur sem helgaður er þeim er látið hafa lífið í störfum fyrir Síldarvinnsluna fullkláraður

FÓLKIÐ OKKAR

Gefandi að glíma við fjölbreytt verkefni

Víkingur Trausti Elíasson er uppalinn á Reyðarfirði þar sem hann ákvað ungur að aldri að verða vélstjóri þegar hann yrði stór. Eftir grunnskóla hóf hann nám í Verkmenntaskóla Austurlands í Neskaupstað, en eftir eitt ár þar fór hann til náms í Verkmenntaskólanum á Akureyri og þaðan útskrifaðist hann sem vélstjóri og rafvirki árið 2012. Í kjölfarið lauk hann síðan meistaranámi. Leið hins unga vélstjóra lá næst á sjóinn og lýsir Víkingur sjómannsferlinum með svofelldum orðum: „Ég hóf sjómannsferilinn á sæbjúgnabátnum Hannesi Andréssyni SH frá Grundarfirði sem gerður var út frá Fáskrúðsfirði. Í síðasta róðrinum á þeim báti var ég staðráðinn í að komast á alvöru skip og var ráðinn á Barða NK, frystitogara Síldarvinnslunnar. Fyrsti túrinn minn á Barða var makríltúr og var veitt með flottrolli. Síðan tóku við hefðbundnar togveiðar. Á Barða voru túrarnir fremur stuttir, frá tveimur vikum og upp í 24-30 daga mest. Síldarvinnslan festi kaup á frystitogaranum Blængi árið 2015 og í febrúar 2017 fórum við fyrsta túrinn á honum og þar hef ég verið síðan.“

Árið 2020 tók Víkingur við sem yfirvélstjóri á Blængi sem fer langa túra en áhafnirnar eru tvær og skiptast á um að vera um borð. Túrarnir eru yfirleitt 25-28 dagar og upp í 35-40 daga en lengstu túrarnir hafa yfirleitt verið farnir í Barentshafið. Fyrsti túrinn í Barentshafið var farinn 2018 og var hann 40 dagar.

„Á skipi eins og Blængi skiptir túraskipulagið öllu. Þegar slíkt skipulag er gott veistu nákvæmlega hvenær þú ert á sjó og hvenær í landi. Þetta einfaldar allt skipulag á viðhaldi skipsins, sérstaklega þar sem eingöngu er stoppað í tvo daga á milli túra, einnig hjálpar þetta til við að auka jafnvægið milli vinnu og einkalífs.

Blængur er ekkert unglamb, hann er 52 ára en á árinu 2000 var unnið að miklum endurbótum á skipinu af fyrri eiganda. Þá var það til dæmis lengt og vélarúmið endurnýjað að stærstum hluta. Það þarf að hyggja að mörgu um borð í svona vinnsluskipi og vélstjórarnir gegna mikilvægu hlutverki um borð. Þeir þurfa að hugsa um allan tækja- og vélbúnað í öllu skipinu, það er ekkert kallaður til iðnaðarmaður utan úr bæ þegar skipið er úti á sjó, við gerum allt sem við getum til að halda skipinu í rekstri. Þó Blængur sé gamall þá er hann mjög öflugur togari og gott skip. Verkefni okkar vélstjóranna um borð eru gríðarlega fjölbreytt og það er virkilega gefandi að glíma við þau öll.“ sagði Víkingur Trausti.



Víkingur Trausti, vélstjóri um borð í Blængi.

Síldarvinnslan og stjórnarhættir



Leiðarljós

Félagið hefur að leiðarljósi að hámarka verðmæti með sem minnstum umhverfisáhrifum. Áhersla er lögð á aðgerðir sem minnka kolefnisspor og valda sem minnstum skaða á umhverfi, s.s. með nýtingu hagkvæmra skipa og útskiptingu á mengandi orkumiðlum fyrir endurnýjanlega orkugjafa þar sem því verður við komið. Síldarvinnslan starfar eftir lögum og reglum sem lúta að rekstri fiskiskipa, nýtingu fiskveiðiauðlindarinnar og matvælaframleiðslu, auk þess sem framleiðsla félagsins er vottuð af alþjóðlegum vottunaraðilum.

Starfsemi Síldarvinnslunnar lýtur jafnframt opinberu eftirliti ýmissa stofnana. Innan Síldarvinnslunnar er þess gætt að starfsemin sé í samræmi við lög og reglur með skilvirkum verkferlum og góðu samstarfi við eftirlitsaðila. Félagið leggur áherslu á að vera virkur þátttakandi í uppbyggingu þeirra samfélaga sem félagið starfar í og er tenging þess við nærsamfélögin mikilvæg. Í gegnum tíðina hefur félagið notið þeirrar gæfu að hafa öflugt og metnaðarfullt starfsfólk við störf. Starfsfólkið hefur verið undirstaðan að traustum rekstri félagsins allt frá stofnun þess og mun verða það áfram.





Hver erum við?

Síldarvinnslan er alhliða sjávarútvegsfyrirtæki með umfangsmikla starfsemi á Íslandi. Um er að ræða útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki í fremstu röð með fjölbreytta starfsemi og yfirgripsmikla þjónustu. Meginstarfsemi Síldarvinnslunnar og íslenskra dótturfélaga er í Neskaupstað, á Seyðisfirði, í Vestmannaeyjum og í Grindavík en einnig er eitt dótturfélag starfandi á Akureyri.

Síldarvinnslan er eitt af stærstu sjávarútvegsfyrirtækjum landsins og stærsti framleiðandi uppsjávarafurða á Íslandi. Félagið leggur áherslu á sjálfbæra nýtingu sjávarauðlindarinnar, þar sem leitast er við að nota nýjustu tækni sem völ er á til veiða og vinnslu. Samstæða Síldarvinnslunnar samanstendur af móðurfélaginu, Síldarvinnslunni hf., og dótturfélögum þess; Bergi-Hugin ehf., Bergi ehf., Vísi ehf, og Fóðurverksmiðjunni Laxá hf. Nánari umfjöllun um félög í samstæðu má finna á bls 43. Höfuðstöðvar Síldarvinnslunnar eru við Hafnarbraut 6 í Neskaupstað.

Saga Síldarvinnslunnar í örfáum orðum

Síldarvinnslan hf. var stofnuð 11. desember 1957. Aðalhluthafi í upphafi var Samvinnufélag útgerðarmanna í Neskaupstað (SÚN) með 60% hlutafjár. SÚN er enn í dag einn af kjölfestuhluthöfum í félaginu.

Félagið var skilgreint sem almenningshlutafélag og tilgangur þess var að reisa og reka síldarverksmiðju, síldarverkun og annan skyldan atvinnurekstur í Neskaupstað.

Hinn 20. desember 1974 féllu tvö snjóflóð innarlega í Neskaupstað. Tólf manns týndu lífi í flóðunum og þar af 7 starfsmenn Síldavinnslunnar. Flóðin lögðu helstu framleiðslu-fyrirtæki bæjarbúa í rúst eða ollu á þeim stórskemmdum.



1957
- Síldarvinnslan stofnuð í Neskaupstað
- Almenningshlutafélag með 35 hluthafa

1958
- Móttaka síldar hefst
- 4.000 tonn fyrsta starfsárið

1965
- Útgerð hefst
- Bolfiskvinnsla hefst með kaupum á framleiðslu-tækjum SÚN

1968
- Síldveiðar bregðast
- Loðnuveiðar hefjast

1970
- Fyrsti skuttogarinn í eigu Íslendinga

1974
- Snjóflóðin í Neskaupstað eyðileggja fiskimjölsverksmiðju Síldarvinnslunnar
- Ný verksmiðja reist og tekur til starfa 1976

1981
- Hafin útgerð á fjölveiðiskipi
- Beitir keyptur

1989
- Hafin útgerð á frystitogara

Saga Síldarvinnslunnar í örfáum orðum

Ákveðið var að reisa nýja fiskmjölsverksmiðju við nýtt hafnarsvæði fyrir botni Norðfjarðar. Árið 1975 hófust framkvæmdir við byggingu hennar og 12. febrúar 1976 tók hún á móti fyrstu loðnunni til vinnslu.

Síldarvinnslan og SR Mjöl voru sameinuð í eitt félag 1. janúar 2003 undir nafni Síldarvinnslunnar og varð þá til stærsta fyrirtæki á Íslandi á sviði veiða og vinnslu á uppsjávarfiski.

Árið 2022 keypti Síldarvinnslan sjávarútvegsfyrirtækið Vísi í Grindavík. Síldarvinnslan er í dag skráð á hlutabréfamarkað og er eitt af öflugustu sjávarútvegsfyrirtækjum landsins og byggir starfsemin á yfir 65 ára reynslu í fiskvinnslu og útgerð.



1993
- Rækjufrystitogarinn Blængur keyptur

1994
- Síldarvinnslan skráð í Kauphöll

1997–2000
- Nýtt fiskiðjuver tekið í notkun 1997 og frystigeymslur 2000

2003
- SR-Mjöl sameinast Síldarvinnslunni

2004
- Síldarvinnslan afskráð úr Kauphöll

2007
- Upphaf makrílveiða og -vinnslu

2012
- Síldarvinnslan kaupir Berg-Hugin ehf.

2016
- Runólfur Hallfreðsson ehf. verður dótturfélag (var hlutdeildarfélag frá 2003)

2020
- Bergur-Huginn kaupir Berg ehf.

2022
- Síldarvinnslan kaupir Vísi ehf.
- Síldarvinnslan kaupir 34,2% hlut í Arctic Fish Holding A.S.

2024
- Endurbætt fiskimjölsverksmiðja tekin í notkun

Stjórnskipulag

Stjórn Síldarvinnslunnar

Stjórnarmenn eru fulltrúar hluthafa félagsins og hafa sem slíkir kappkostað að tryggja vöxt og velferð félagsins.



Þorsteinn Már Baldvinsson, stjórnarformaður

Fyrst kjörinn árið 2003. Fæðingardagur, 7. október 1952. Þorsteinn er með skipstjórnarréttindi frá Stýrimannaskólanum í Reykjavík og skipaverkfræðingur frá Norges Tekniske Högskole. Þorsteinn er stofnandi og forstjóri Samherja hf. og hefur gegnt því starfi frá 1983. Hann er jafnframt framkvæmdastjóri Samherja Íslands ehf., Seleyjar ehf., Sæbóls fjárfestingarfélags ehf., og Oddeyrartanga ehf. Þorsteinn situr í stjórnum eftirfarandi félaga: Samherji Fiskeldi ehf., 600 Eignarhaldsfélag ehf., Barðstún ehf., Eignarhaldsfélagið Steinn ehf., Ice Tech ehf., Krossanes ehf., Oddeyri ehf., Rafa ehf., Samherjasjóðurinn ehf., Seley ehf., Sigurafl ehf., Snæfell ehf. Þorsteinn er einnig með prókúruumboð fyrir Ice Fresh Seafood ehf.

Þorsteinn er forstjóri Samherja hf. sem á 30,06% hlut í Síldarvinnslunni hf. Hann á í árslok 1.000.000 hluti eða 0,05% í eigin nafni í Síldarvinnslunni hf. Þorsteinn er óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess en telst háður stórum hluthafa samkvæmt leiðbeiningum um stjórnarhætti.



Guðmundur R. Gíslason, varaformaður

Fyrst kjörinn í stjórn 2016. Fæðingardagur 19. febrúar 1970. Guðmundur er með B.ed. gráðu í kennsluvísindum. Hann starfar í dag sem framkvæmdastjóri Samvinnufélags útgerðarmanna í Neskaupstað, Olíusamlags útvegsmanna í Neskaupstað og Múlans samvinnuhúss ehf. Hann var áður framkvæmdastjóri Egilsbúðar í Neskaupstað, mannauðsstjóri ESS á Íslandi og framkvæmdastjóri Sjónaráss ehf. Guðmundur situr jafnframt í stjórnum eftirtalinna félaga: Hrólfssker ehf., ÍS-TRAVEL AUSTURLAND ehf., Múlinn samvinnuhús ehf., B.G. Bros ehf., Rekstrarfélagið Molinn, Krabbameinsfélag Austfjarða, Vinir Ingvars, félagasamtök og Bærinn okkar, félagasamtök.

Guðmundur er, eins og áður hefur komið fram, framkvæmdastjóri Samvinnufélags útgerðarmanna í Neskaupstað og Olíusamlags útvegsmanna í Neskaupstað sem eiga samtals í árslok 10,87% hlut í félaginu. Hann á ekki hluti í eigin nafni í Síldarvinnslunni hf. Guðmundur er óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess en telst háður stórum hluthafa samkvæmt leiðbeiningum um stjórnarhætti.

Stjórnskipulag

Stjórn Síldarvinnslunnar



Anna Guðmundsdóttir, meðstjórnandi

Fyrst kjörin í stjórn árið 2013. Fæðingardagur 13. mars 1967. Anna er með Cand. Oecon í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og starfar sem fjármálastjóri Gjögurs hf. Anna er jafnframt framkvæmdastjóri Þingstaða ehf. og prókúruhafi í Hrólfsskeri ehf. Anna situr í stjórnum eftirfarandi félaga: Gjögurs hf., Kjálkaness ehf., Gjögurtáar ehf., StorMar ehf., Loftleiða Cabo Verde ehf., Lögmannsstofu Jörundar Gaukssonar ehf. og Kallnesings ehf.

Anna á 22,54% eignarhlut í Kjálkanesi ehf. sem á 16,06% hlut í Síldarvinnslunni hf. Hún á ekki hluti í eigin nafni í Síldarvinnslunni hf. Anna er óháð félaginu og daglegum stjórnendum þess en telst háð stórum hluthafa samkvæmt leiðbeiningum um stjórnarhætti.



Erla Ósk Pétursdóttir, meðstjórnandi

Fyrst kjörin í stjórn 2023. Fæðingardagur 8. september 1980. Erla er með B.A. próf í hagfræði og tölvunarfræði frá Macalester College í Bandaríkjunum og MBA próf frá Háskólanum í Reykjavík. Hún starfar í dag sem forstöðukona Executive MBA náms við Háskólann í Reykjavík. Áður var hún meðal annars mannauðsstjóri hjá Vísi hf. og síðar framkvæmdastjóri Marine Collagen ehf. Erla Ósk situr jafnframt í stjórnum Fisktækniskólans, Codland, 55105 ehf. og Útvegsmannafélags Suðurnesja.

Erla Ósk á 100% eignarhlut í 55105 ehf. sem á 0,12% hlut í Síldarvinnslunni hf. Hún á ekki hluti í eigin nafni í Síldarvinnslunni hf. Erla telst óháð stórum hluthöfum félagsins en telst háð félaginu og daglegum stjórnendum samkvæmt „Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja“ sem Viðskiptaráð Íslands, NASDAQ OMX Iceland og Samtök atvinnulífsins gáfu út 1. júlí 2021.



Baldur Már Helgason, meðstjórnandi

Fyrst kjörinn í stjórn 2021. Fæðingardagur 6. mars 1976. Baldur er með Cand. sci. próf í véla- og iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands 2000, lauk Advanced Management Program (AMP) frá IMD háskólanum í Sviss 2022 og er með löggilt próf í verðbréfaviðskiptum. Hann starfar í dag sem framkvæmdastjóri viðskipta hjá Heimum hf. Hann var áður framkvæmdastjóri Eyju fjárfestingarfélags á árunum 2017-2019, fjárfestinga- og sjóðsstjóri hjá Auði Capital árin 2009-2016 og fjárfestinga- og lánastjóri hjá Íslandsbanka, m.a. í Bandaríkjunum og Danmörku á árunum 2000-2009.

Baldur hefur setið í á þriðja tug stjórna, m.a. hjá Skeljungi, Sýn, Securitas, Já, Íslenska Gámafélaginu og Domino´s Íslandi og í Noregi. Baldur situr í stjórn S29 ehf. í dag. Baldur á í lok árs 17.241 hluti í Síldarvinnslunni hf. Baldur telst óháður félaginu og daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

Stjórnskipulag

Varamenn í stjórn Síldarvinnslunnar



Ingi Jóhann Guðmundsson, varamaður

Fyrst kjörinn í stjórn 2001. Fæðingardagur 12. janúar 1969. Hann er með Cand. Oecon í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og starfar sem framkvæmdastjóri Gjögurs hf., Kjálkaness ehf. og Gjögurtáar ehf. Ingi situr jafnframt í stjórnum eftirfarandi félaga: K.R.- sports hf., Loftleiða Cabo Verde ehf., Hrólfsskers ehf., Sjóvá-Almenna tryggínga hf., Jarðbaðanna ehf., Norðurbaða ehf., Pharmarctica ehf. og StorMar ehf.

Ingi á 22,54% eignarhlut í Kjálkanesi ehf. sem á 16,06% hlut í Síldarvinnslunni hf. Hann á ekki hluti í eigin nafni í Síldarvinnslunni hf. Ingi er óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess, en telst háður stórum hluthafa samkvæmt leiðbeiningum um stjórnarhætti.



Arna Bryndís Baldvins McClure, varamaður

Fyrst kjörin í stjórn 2013 og í endurskoðunarnefnd frá árinu 2021. Fæðingardagur 2. júlí 1985. Hún er með ML-gráðu frá Háskólanum í Reykjavík og Executive MBA gráðu frá IESE háskólanum í Barcelona. Hún starfaði hjá LEX lögmannsstofu frá 2010-2013 og sem yfirlögfræðingur Samherja hf. frá 2013-2021. Arna hefur verið í tímabundnu hlutastarfi hjá Síldarvinnslunni frá nóvember 2023. Arna situr jafnframt í stjórnum eftirfarandi félaga: Emerald Invest ehf., Sea Thru ehf., Flugskóla Íslands ehf. og Sea Thru sp. z.o.o í Póllandi.

Arna á í lok árs 32.100 hluti í eigin nafni í Síldarvinnslunni hf., eða 0,002%. Arna er háð félaginu og daglegum stjórnendum og telst háð stórum hluthafa samkvæmt leiðbeiningum um stjórnarhætti.

Endurskoðunarnefnd Síldarvinnslunar

Guðmundur Kjartansson, formaður
Arna Bryndís Baldvins McClure
Jakob Bjarnason

Stjórnskipulag

Framkvæmdastjórn Síldarvinnslunnar



Gunnþór B. Ingvason, forstjóri

Fæðingardagur 11. nóvember 1968. Gunnþór er iðnaðartæknifræðingur frá Tækniskóla Íslands. Hann hóf árið 1996 störf hjá SR Mjöli hf. og annaðist þar innkaup á hráefni og gæðamál. Við sameiningu SR Mjöls hf. og Síldarvinnslunnar hf. varð hann aðstoðarmaður forstjóra Síldarvinnslunnar, síðar útgerðarstjóri og hefur verið forstjóri frá 2007. Gunnþór er jafnframt framkvæmdastjóri Fóðurverksmiðjunnar Laxár ehf., Bergs-Hugins ehf. og Bergs ehf. Gunnþór situr jafnframt í stjórnum eftirfarandi félaga: Fóðurverksmiðjunnar Laxá ehf., Vísis ehf., Bergs ehf., Atlantic Coast Fisheries Corp., Fasteignafélagsins Miðhúss ehf., Bergs-Hugins ehf., Fjárfestingarfélagsins Varar ehf., Hraunlóns ehf., L1197 ehf., Polar Pelagic A.S., Arctic Fish Holding A.S., F.V. Holding LLC., Sjávarmála ehf., MAR Guesthouse ehf. og Þorvís ehf.

Gunnþór á 60% hlut í L1197 ehf. sem á 100% hlut í Hraunlóni ehf. sem á 0,94% hlut í Síldarvinnslunni hf. Hann á í lok árs 100.206 hluti í eigin nafni í Síldarvinnslunni hf. eða 0,01%.



Axel Ísaksson, fjármálastjóri

Fæðingardagur 22. september 1964. Hann er með Cand. Oecon í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands. Hann hóf störf á fjármálasviði Síldarvinnslunnar hf. á árinu 1992 og varð fjármálastjóri félagsins 2007. Axel er jafnframt skráður framkvæmdastjóri Fjárfestingafélagsins Varar ehf., Axel situr jafnframt í stjórnum eftirfarandi félaga: Olíusamlags útvegsmanna í Neskaupstað svf., Hraunlóns ehf., L1197 ehf., Bergs-Hugins ehf, Bergs ehf., Fjárfestingarfélagsins Varar ehf., Vísis ehf. og Atlantic Coast Fisheries.

Axel á 20% hlut í L1197 ehf. sem á 100% hlut í Hraunalóni ehf. sem á 0,94% hlut í Síldarvinnslunni hf. Hann á í lok árs 25.000 hluti í eigin nafni í Síldarvinnslunni hf. eða tæp 0,0014%.

Stærstu hluthafar og stjórnskipulag

Tíu stærstu hluthafar í árslok 2024 voru:*

Samherji hf.	30,06%
Kjálkanes hf.	16,06%
Gildi – lífeyrissjóður	10,54%
Samvinnufélag útgerðarmanna	10,10%
Eignarhaldsfélagið Snæfugl ehf.	3,49%
Lífeyrissjóður verslunarmanna	3,32%
Stapi lífeyrissjóður	2,85%
Lífeyrissjóður starfsm. ríkisins, A deild	2,30%
Brú, lífeyrissjóður starfsm, sveitarfélaga	2,30%
Festa – lífeyrissjóður	1,52%
Síldarvinnslan hf., (eigin bréf)	0,01%
Aðrir hluthafar	17,45%
	100%

Í árslok 2024 voru hluthafar Síldarvinnslunnar 3.072 í lok árs en 3.370 í upphafi árs

Dótturfélög Síldarvinnslunnar

Bergur-Huginn ehf.	(100%)
Bergur ehf.	(100%)
Vísir ehf.	(100%)
Samvís ehf.	(100%)
DSFU	(100%)
Þorvís ehf.	(100%)
Pytheas Seafood P.C	(66,7%)
MAR Guesthouse	(100%)
Sjávarmál ehf.	(100%)
Vísir GmbH	(100%)
Fóðurverksmiðjan Laxá ehf.	(67,68%)
Fjárfestingarfélagið Vör ehf.	(60%)

Hlutdeildarfélög samstæðunnar

Atlantic Coast Fisheries Corp	(100%)
SR-Vélaverkstæði ehf.	(37,3%)
Polar Pelagic A.S.	(33%)
G. Skúlason vélaverkstæði ehf.	(24,95%)
Rauðaþing ehf.	(24,95%)
Miðhús ehf.	(46,7%)
Arctic Fish Holding A.S.	(34,2%)
Cabo Norte 2014 S.A.	(50%)
Haustak ehf.	(50%)
Marine Collagen ehf.	(25%)

Aðildarfélög Síldarvinnslunnar

Síldarvinnslan er virkur aðili að nokkrum félagasamtökum, m.a. með stjórnarsetu starfsmanna Síldarvinnslunnar. Síldarvinnslan er aðili að Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS), Félagi uppsjávariðnaðarins, Félagi íslenskra fiskimjölsframleiðenda og Útvegsmannafélagi Austfjarða en í öllum þessum félögum sinna starfsmenn Síldarvinnslunnar stjórnarsetu. Jafnframt er Síldarvinnslan aðili að Samtökum atvinnulífsins (SA).

- **Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi:**
  Gunnþór Ingvason, stjórnarmaður
- **Félag uppsjávariðnaðarins:**
  Gunnþór Ingvason, stjórnarmaður
- **Félag íslenskra fiskimjölsframleiðenda:**
  Jón Már Jónsson
- **Útvegsmannafélag Austfjarða:**
  Gunnþór Ingvason, stjórnarmaður
- **Samtök atvinnulífsins**

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi

samtök atvinnulífsins

FÍF FÉLAG ÍSLENSKRA FISKMJÖLSFRAMLEIÐENDA

Hætti í tölvunarfræðinni og fór aftur í fiskinn

Jón Einar Gunnarsson er verkstjóri í frystihúsi Vísis í Grindavík. Hann hefur unnið í fiski frá unglingsaldri og kann vel við sig í slíkum störfum. Jón Einar var fyrst spurður um uppruna og fyrri störf. „Ég er fæddur og uppalinn í Grindavík en fluttist til Hafnarfjarðar fyrir fjórum árum og bý þar nú. Ég byrjaði kornungur að vinna í fiski. Ég hóf störf hjá Þrótti árið 2010 og fór síðan yfir til Gjögurs árið 2013. Vísir festi kaup á Gjögri árið 2018 og þá fylgdi ég með. Ég hef sinnt margvíslegum störfum hjá Vísi; byrjaði á gólfinu, fór síðan í gæðaeftirlitið og þaðan í starf gæðastjóra.

Ég tók síðan við verkstjórastarfinu á síðasta ári í frystihúsinu. Öll þessi störf eru áhugaverð og ég naut mín ágætlega í þeim öllum. Það voru hins vegar mikil viðbrigði að fara frá Gjögri til Vísis. Gjögur var þrettán manna vinnustaður á meðan það starfa um 70 manns í frystihúsi Vísis. Það var helst stökk fyrir mig að taka við verkstjórastarfinu. Í því starfi er í reyndinni enginn dagur eins og alltaf krefjandi verkefnum að sinna. Fyrir tíu árum lagði ég stund á nám í tölvunarfræði í Háskólanum í Reykjavík en það kom að því að ég fann að ég nennti engan veginn að sitja fyrir framan tölvuskjá alla daga. Þess vegna hætti ég í háskólanáminu og fór rakleiðis aftur í fiskinn. Það á miklu betur við mig að starfa við framleiðslu eins og hér í frystihúsinu – starfið er fjölbreytt, verkefnin eru fjölbreytt og samskipti við fólkið eru mikil. Ég vinn við það núna að skipuleggja hvern vinnudag og þá þarf að taka tillit til margra þátta. Fiskurinn er flakaður og einnig skorinn í bita og fer þannig ferskur frá okkur. Í öðru lagi er fiskurinn frystur og í þriðja lagi frystum við léttsaltaðan fisk sem kemur frá salthúsi Vísis. Það er heilmikil eftirspurn eftir öllum þessum afurðum og það þarf að stýra framleiðslunni dag hvern í samræmi við hana. Starfsfólkið hér í frystihúsinu er að meirihluta til af erlendum uppruna. Hérna vinna Pólverjar, Litháar og Rúmenar og margt af þessu fólki hefur unnið hjá okkur lengi, allt upp í tuttugu ár. Þetta er þrælduglegt fólk, topplið í alla staði. Ég held að allt fólkið sem starfar á gólfinu hér í frystihúsinu sé af erlendum uppruna en við sem stýrum og stjórnum erum íslenskir. Öllu þessu erlenda fólki virðist líka vel hérna enda er Vísir gott fyrirtæki að starfa hjá," sagði Jón Einar.



Jón Einar í vinnslusal Vísis í Grindavík.

Stjórnarhættir

Meginmarkmið stjórnarháttayfirlýsingar Síldarvinnslunnar hf. er að skýra með gagnsæjum hætti hlutverk og ábyrgð stjórnenda til að auðvelda þeim að rækja störf sín og um leið að treysta hag hluthafa og annarra hagaðila.

Stjórnarhættir félagsins byggja á lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, á samþykktum félagsins, starfsreglum stjórnar og taka auk þess mið af leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Sjálfbærni er samofin stjórnarháttum Síldarvinnslunnar og birtist m.a. í siðareglum sem stjórn hefur samþykkt og gilda fyrir samstæðu Síldarvinnslunnar. Stjórnarháttayfirlýsingu, samþykktir félagsins, siðareglur Síldarvinnslunnar, starfsreglur stjórnar og starfsreglur endurskoðunarnefndar er að finna á vefsvæði Síldarvinnslunnar.

Áhættustýring og innra eftirlit eru einnig samofin góðum stjórnarháttum. Stjórn og stjórnendur Síldarvinnslunnar leggja ríka áherslu á að byggja upp sterka áhættuvitund með því meðal annars að viðhalda góðu eftirlitsumhverfi með skjalfestum stefnum, reglum og ferlum sem styðja við rekstur félagsins og dótturfélaga. Sem dæmi má nefna að Síldarvinnslan hefur sett sér og dótturfélögum sínum persónuverndarstefnu og jafnréttisáætlun, margvíslega verklagsferla og -reglur á borð við verklagsreglu um vernd uppljóstrara og meðferð og vinnslu persónuupplýsinga, stefnu og viðbragðsáætlun gegn einelti, kynferðislegri og kynbundinni áreitni og ofbeldi auk margvíslegra verklagsferla á sviði bókhalds.





Ársreikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla. Hann er settur fram í bandaríkjadollurum (USD) sem er starfrækslugjaldmiðill samstæðunnar. Áætlanagerð og uppgjör gegna mikilvægu hlutverki í innra eftirliti með rekstrarþáttum og er farið reglulega yfir rekstur einstakra deilda með stjórn félagsins.

Æðsta vald Síldarvinnslunnar er í höndum lögmætra hluthafafunda. Samkvæmt samþykktum er stjórn kosin á aðalfundi félagsins ár hvert. Stjórnin er skipuð fimm aðalmönnum og tveimur til vara. Stjórnarkjör er skriflegt ef kosið er um fleiri en kjósa skal. Við kosningu stjórnar skal tryggt að hlutfall hvors kyns sé ekki lægra en 40%. Hluthafafundir eru haldnir að minnsta kosti einu sinni á ári eða oftar ef þurfa þykir.

Stjórn Síldarvinnslunnar fer með æðsta vald í málefnum Síldarvinnslunnar milli hluthafafunda. Henni ber að stuðla að viðgangi félagsins og hafa eftirlit með daglegum rekstri þess. Stjórnin hefur, ásamt forstjóra, forystu um að móta stefnu, setja markmið og skilgreina áhættuviðmið Síldarvinnslunnar. Hún sér um að gæta hagsmuna allra hluthafa og að gæta jafnræðis milli þeirra. Stjórnin hefur eftirfylgni með því að félagið starfi samkvæmt lögum og reglum.

Siðareglur Síldarvinnslunnar

Stjórn Síldarvinnslunnar hefur samþykkt siðareglur sem gilda um starfsemi samstæðunnar og taka þær til vinnubragða stjórnar, stjórnenda og starfsfólks.

Siðareglurnar eru ítarlegar og eru í sjö liðum. Þar er tæpt á mikilvægum viðfangsefnum á sviði sjálfbærni. Má þar t.d. nefna að í 3. mgr. 1. liðar segir m.a. **um stjórnarhætti**:

> „Starfsfólk skal hafa í huga að þau geta verið fulltrúar Síldarvinnslunnar út á við og skulu því forðast að gera nokkuð sem kastað gæti rýrð á orðspor fyrirtækisins. Starfsfólki er óheimilt að misnota aðstöðu sína hjá fyrirtækinu með nokkrum hætti, þ.m.t. að taka við gjöfum eða fríðindum af einhverju tagi nema með samþykki yfirmanns. Starfsfólk skal ávallt gæta hagsmuna Síldarvinnslunnar og leita leiðbeininga ef upp koma einhver vafaatriði í því sambandi.“

Þar segir í öðrum lið **um samspil Síldarvinnslunnar við samfélagið:**

> „Síldarvinnslan umgengst þau samfélög þar sem fyrirtækið starfar með virðingu og nærgætni, enda er það burðarstólpi í þeim. Það hvetur starfsfólk til þátttöku í samfélaginu, en ítrekar mikilvægi þess að slík þátttaka hafi hvorki neikvæð áhrif á starf viðkomandi né orðspor fyrirtækisins. Síldarvinnslan styrkir íþrótta- og menningarstarfsemi í nærsamfélaginu með ýmsum hætti og leitast einnig við að versla í heimabyggð þegar hægt er.“



Þá er í þriðja lið fjallað **um viðhorf Síldarvinnslunnar til umhverfismála:**

> „Síldarvinnslan umgengst þau samfélög þar sem fyrirtækið starfar með virðingu og nærgætni, enda er það burðarstólpi í þeim. Það hvetur starfsfólk til þátttöku í samfélaginu, en ítrekar mikilvægi þess að slík þátttaka hafi hvorki neikvæð áhrif á starf viðkomandi né orðspor fyrirtækisins. Síldarvinnslan styrkir íþrótta- og menningarstarfsemi í nærsamfélaginu með ýmsum hætti og leitast einnig við að versla í heimabyggð þegar hægt er.“

Siðareglurnar má sjá á vefsvæði félagsins.



Síldarvinnslan og heimsmarkmiðin

Síldarvinnslan leggur áherslu á samfélagsábyrgð og hefur samþætt lykilþætti starfseminnar við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Sem aðili að Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) styður Síldarvinnslan einnig við sameiginlega stefnu samtakanna í samfélagsábyrgð, sem tengist heimsmarkmiðunum. Þau heimsmarkmið sem Síldarvinnslan leggur sérstaka áherslu á í rekstri sínum eru eftirfarandi:



Heilsa og vellíðan

Heilsa og öryggi starfsfólks er forgangsmál Síldarvinnslunnar en áherslur okkar í öryggis- og vinnuverndarmálum tengjast heimsmarkmiði þrjú um heilsu og vellíðan. Markvisst unnið að því að lágmarka áhættu í starfi og skapa öruggt vinnuumhverfi. Öryggisstjóri Síldarvinnslunnar hefur umsjón með því að öryggiskröfum sé fylgt í allri starfsemi félagsins og sinnir sömuleiðis öryggisfræðslu. Við stuðlum að öruggu og heilsusamlegu vinnuumhverfi þar sem einelti, ofbeldi og kynferðisleg áreitni eru með öllu óheimil og ekki umborin. Að auki hefur Síldarvinnslan innleitt ýmsar stefnumótandi aðgerðir, þar á meðal persónuverndarstefnu og verklagsreglur um meðferð uppljóstrana.



Jafnrétti kynjanna

Síldarvinnslan hefur um árabil lagt áherslu á jöfn tækifæri og jafnrétti kynja til ábyrgðar og launa, í samræmi við heimsmarkmið fimm um jafnrétti kynjanna. Við höfum sett okkur jafnlaunastefnu vinnum eftir jafnréttisáætlun sem byggir á stefnunni og er í gildi árin 2024-2026. Síldarvinnslan fyrst íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja til að hljóta jafnlaunavottun árið 2018. Frá upphafi hefur enginn kynbundinn launamunur mælst hjá fyrirtækinu. Við tryggjum jöfn tækifæri, virðum fjölbreytileika og bönnum mismunun á grundvelli kyns, kynhneigðar eða uppruna. Þá virðum við rétt starfsfólks til félagafrelsis og kjarasamninga.



Nýsköpun og uppbygging

Síldarvinnslan kemur að margvíslegum nýsköpunar- og rannsóknarverkefnum sem tengjast heimsmarkmiði níu um nýksöpun og uppbyggingu. Markmið nýsköpunar- og rannsóknarverkefnanna er meðal annars að auka verðmæti og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum. Þau snúa mörg að því að nýta nýja tækni og ferla, bæta meðferð á hráefni og draga úr sóun. Mörg verkefnanna eru unnin í samvinnu við háskóla og njóta styrkja frá rannsóknasjóðum.



Ábyrg neysla og framleiðsla

Síldarvinnslan framleiðir hágæða sjávarafurðir og leitar stöðugt nýrra leiða til að hámarka nýtingu hráefnis. Sérstök áhersla er lögð á að nýta enn betur allt það hráefni sem fellur til í vinnslum félagsins, í samræmi við heimsmarkmið 12.



Aðgerðir í loftslagsmálum

Síldarvinnslan framleiðir hágæða sjávarafurðir og leitar stöðugt nýrra leiða til að hámarka nýtingu hráefnis. Sérstök áhersla er lögð á að nýta enn betur allt það hráefni sem fellur til í vinnslum félagsins, í samræmi við heimsmarkmið 12.



Líf í vatni

Það er hagsmunamál Síldarvinnslunnar sem og sjávarútvegsins í heild að fiskistofnar séu sterkir og veiðar úr stofnun sjálfbærar. Með því er tryggt að sjávarútvegur haldi áfram að vera öflug atvinnugrein með gott orðspor. Virðing fyrir vistkerfi hafsins og lífríki vatna er grundvöllur þess að við getum stundað veiðar til framtíðar, í samræmi við heimsmarkmið 14.

Ég er nokkurs konar mamma hér um borð

Valtýr Auðbergsson er kokkur á Vestmannaey VE. Hann er fæddur og uppalinn í Vestmannaeyjum og segist vera hundrað prósent Vestmannaeyingur. „Ég reyndi að búa í Reykjavík í nokkur ár en það var ekkert varið í það svo ég kom aftur heim," segir Valtýr.

„Ég byrjaði að starfa hjá Bergi – Hugin árið 2008 en hafði nánast ekkert verið á sjó fyrir þann tíma. Ég hafði einungis farið í einn tveggja mánaða saltfisktúr á togaranum Breka árið 1996 og vann sem lyftaramaður þar um borð. Fyrsta árið sem ég starfaði hjá Bergi – Hugin hoppaði ég talsvert á milli skipa félagsins. Ég var ýmist á Vestmannaey, Bergey eða Smáey, en árið 2009 var ég fastráðinn á Vestmannaey og hef verið þar síðan. Fyrst var ég háseti en tók við sem kokkur árið 2020. Ég hef fundið mig alveg sérstaklega vel í starfi kokksins og er í reynd alsæll um borð í Vestmannaey. Mér hefur ávallt liðið vel í starfi hjá Bergi – Hugin og það versnaði ekkert við það að Síldarvinnslan festi kaup á fyrirtækinu. Þegar Síldarvinnslan tók við jókst kvótinn og verkefni skipsins jukust sem er auðvitað af því góða.

Það er áberandi að menn vilja gera allt vel hjá útgerðinni og ef við biðjum um eitthvað þá fæst það nánast undantekningarlaust. Í sannleika sagt er gert mjög vel við okkur og það er ekki hægt að kvarta yfir neinu. Áhöfnin er ánægð og á Vestmannaey er nánast sama áhöfn og var þegar ég byrjaði þannig að það sést að menn eru virkilega sáttir."

Þegar Valtýr er spurður hvort hann sé góður kokkur stendur ekki á svari. „Já, einn sá allra besti held ég. Strákunum líkar maturinn vel og þeir kvarta ekki. Ég er nokkurs konar mamma hér um borð; ég passa að þeir fái góðan og næringarríkan mat og svo tek ég til eftir þá. Það er staðreynd að á öllum heimilum eru mömmurnar mikilvægastar. Maturinn um borð í Vestmannaey er mjög hefðbundinn en hann er líka fjölbreyttur. Stundum er meira að segja boðið upp á skyndibita. Strákarnir vilja hafa þetta fjölbreytt og það á að hlusta á þá. Þegar þeir setja fram óskir verð ég nánast alltaf við þeim. Staðreyndin er sú að enginn er ánægður ef hann fær ekki gott að borða og þess vegna er kokkurinn í lykilhlutverki um borð í hverju einasta skipi," sagði Valtýr að lokum.



Valtýr við störf um borð í Vestmannaey VE.

Innkaup og birgjar

Síldarvinnslan leggur áherslu á að kaupa vörur og þjónustu af birgjum í nærsamfélaginu eins og kostur er. Nærsamfélagið er skilgreint sem þau sveitarfélög sem Síldarvinnslan er með starfsemi í. Af innkaupum fyrirtækisins koma 60% frá birgjum í nærsamfélaginu, 26% frá öðrum innlendum birgjum og 14% frá erlendum birgjum.

Síldarvinnslan hefur ekki sett ákvæði um samfélagslega ábyrgð í samninga við birgja.



Helstu vottanir

Síldarvinnslan starfar á alþjóðlegum mörkuðum og selur afurðir sínar í gegnum utanaðkomandi sölufyrirtæki og eigin félög á helstu mörkuðum. Afurðir félagsins í uppsjávarfiski eru frosinn uppsjávarfiskur og mjöl og lýsi.

Í bolfiski eru afurðir félagsins landfrystar, sjófrystar, saltaðar og þurrkaðar. Frá landvinnslu eru einnig seldar ferskar afurðir og þá er ferskur fiskur frá ísfisktogurum félagsins að hluta til seldur á mörkuðum erlendis og innanlands. Í einstaka tilfellum er afli uppsjávarskipa félagsins seldur ferskur til vinnslu erlendis. Síldarvinnslan framleiðir afurðir sínar eftir viðurkenndum stöðlum sem tryggja eiga sjálfbærni, rekjanleika og heilnæmi afurðanna. Allar starfsstöðvar félagsins eru undir eftirliti Matvælastofnunar (MAST). Félagið er með vottuð gæðastjórnunarkerfi sem styðja við þessi markmið.

Allar þessar vottanir eru teknar út reglulega af þar til bærum aðilum.
Vottuð gæðastjórnunarkerfi eru eftirfarandi:

MarinTrust (IFFO Global Standard for Responsible Supply)

MarinTrust er um ábyrga starfshætti framleiðanda í fiskmjöls- og lýsisiðnaði.

MSC (Marine Stewardship Council)

MSC er vottun á ábyrgum og umhvernisvænum fiskveiðum. MSC vottar vistvænar fiskveiðar úr sjálfbærum stofnum.

Iceland Responsible Fisheries

Um er að ræða upprunamerki fyrir íslenskar sjávarafurðir og felur vottunin í sér staðfestingu á sjálfbærri nýtingu fiskistofna og ábyrgri stjórn fiskveiða.

Helstu vottanir

HACCP (Hazard Analysis and Critical Control Points)

Er kerfi sem ætlað er að tryggja matvælaöryggi. Allt frá hráefnisöflun til lokaafurðar.

FEMAS (Feed Material Assurance Scheme)

Nær til allra fóðurefna sem ætluð eru til fóðurgjafar eða til notkunar í fóðurblöndur.

TÚN, vottun um lífræna framleiðslu

Tún býður upp á úttektir og vottanir fyrir sjálfbæra fiskistofna og rekjanleika sjávarafurða.

Naturland, vottun um lífræna framleiðslu

Vottun á náttúruafurðum.

BRCGS (British Retail Consortium Global Food Safety Standard)

Eru samræmdir matvælaöryggisstaðlar sem ná yfir alla aðfangakeðjuna.

FISH (Fairness, Integrity, Safety and Health (Fish) Standard for Crew)

FISH er félagslegur staðall fyrir áhafnir fiskiskipa og báta.



Síldarvinnslan hf.
Mars 2025